



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Sjómannadaginn  
Patreksfirði  
5. júní 2011**

Heiðruðu sjómenn  
Hátíðargestir

Það er góður siður, hefð sem okkur er kær, að helga sjómönnum fyrsta sunnudag í júní og efna til hátíðar í sjávarbyggðum, heiðra aldnar kempur fyrir ævistarfið, minnst þeirra sem fórust í hafi.

Í hugum okkar sem eigum æskuslóðir vestur á fjörðum er sjómannadagurinn baðaður ljóma, jafnvel fremri 17. júní hvað snertir góðar minningar. Á sjómannadaginn voru nefnilega á dagskrá ögrandi atriði, kappróður, koddaslagur, stakkasund í köldum firði en þjóðhátíðardagurinn bar oft svip ræðuhalda sem okkur krökkunum þóttu stundum dragast á langinn.

Það var því með gleði í hjarta sem ég þáði ykkar góða boð og ánægjulegt að geta á þessum degi glaðst á ný með Vestfirðingum, fundið anda dagsins í söguríkri sjávarbyggð.

Ég óska ykkur til hamingju með sjómannadaginn sem nú hefur verið haldinn hátíðlegur á Patreksfirði í 70 ár.

Ég hef stundum í samræðum við erlenda gesti, áhrifafólk í fjarlægum löndum, lýst þessum einstaka degi í almanaki Íslendinga því ekki veit ég um aðra þjóð sem helgar sjómönnum sérstakan hátíðisdag. Tilvist hans er vísbending um ríka hlutdeild sjósóknar í þjóðlífinu, bæði nú og á fyrri tímum. Án aflans úr hafinu hefðum við ekki notið víðtækra framfara, vafasamt raunar að tekist hefði að festa sjálfstæðið í sessi.

Patreksfjörður og héraðið allt, heimaslóðir ykkar hér fyrir vestan, geyma merka kafla í þessari sögu, frásagnir af erfiðinu, áhættunni, fórnunum sem færðar voru. Vitundin um að þegar fleyi var ýtt úr vör vissi enginn hvort allir næðu heilir í höfn, hún mótaði um aldir sálarlíf íbúanna.

Annálar nafngreina fjölda ungra manna sem létu lífið við að sækja björg í bú, fórnirnar miklar, margir fórust á fáeinum árum.

Fólkið hér fyrir vestan hefur lengi vitað að sjómennskan var hættustarf en hélt samt áfram því án hennar myndu byggðirnar daprast, erfitt að tryggja viðurværi. Íbúarnir þekktu hættunna vel og komu ávallt til bjargar þegar skip voru að brotna í brimgarðinum.

Björgunarafrekin við Látrabjarg voru einstæð á sinni tíð, vöktu verðskuldaða athygli í öðrum löndum, skipa heiðursess í afrekaskrá Íslendinga. Bændur og sjómenn sóttu áhafnir erlendra togara í öldurótið, ekki spurt um áhættu eða þjóðerni en haldið út í myrkrið.

Hannes Þ. Hafstein, lengi forystumaður Slysavarnafélags Íslands, fjallaði um þessi afrek áratugum síðar í góðri grein en þar segir m.a.:

„Hvernig var þetta framkvæmanlegt með svo frumstæðum og ófullkomnum tækjakosti, sem þessi vaska sveit manna var búin utan línubýssunnar, björgunarstólsins og líflínunnar? Nútímataekni og annar sá búnaður sem við teljum ómissandi í dag þekktist ekki. Engir hjálmur til að verjast hrúni grjóts og klaka, engar ísaxir eða broddar til að grópa för í freðna jörð og til að fá festu og heldur engar talstöðvar til að brúa fjarlægðina. En hún kunni sitt fag þessi víkingasveit. Látramenn þessir voru hertir í lífsbaráttunni og höfðu þjálfað þrótt sinn og þor í hæpnu tafla við bjarg og brim. Í uppvextinum hafði þeim lærst að þekkja skaphöfn hver annars og þeir gátu treyst hver öðrum. Við þessar aðstæður gat eitt ógætlegt fótmál og vanhugsað handtak skipt sköpum og skilið á milli lífs og dauða.“

Sú góða kona, Sigurrós Guðmundsdóttir frá Sauðeyjum, orti líka um björgun ensku skipbrotsmannanna við Látrabjarg:

Afl og kjarkinn eiga sér,  
Íslands kærur synir.  
Sanna manndáð sýndu hér  
sveitungar og vinir.

Svo er eitt sem að ég held  
að ekki megi gleyma,  
– að konurnar sinn kærleiks eld,  
kyntu líka heima.

Slíkir atburðir festast í minni þjóðar, greiptust í vitund okkar sem þá vorum ung og hlýddum aftur og aftur á frásagnir af þessum hetjudáðum.

Áríðandi er að Íslendingar varðveiti ávallt vitundina um mikilvægi sjómennskunnar, um verðmætin sem hafið hefur gefið okkur, um hlutdeild sjávarútvegs í sjálfstæði þjóðarinnar.

Verslunarsaga Patreksfjarðar allt frá seinni áratugum 19. aldar er gott dæmi um hvernig sjávarafliinn varð undirstað viðskiptanna; án afraksturs sjómennskunnar hefði vöruúrval orðið lítið.

Baráttan fyrir sjálfstæðinu fékk jafnan aukinn þrótt þegar nýir áfangar náðust í sjósókninni. Krafan um meiri rétt Íslendinga í ríki Dana sótti styrk í sýnilegan árangur sjómennskunnar, að þjóðin gæti brauðfætt sig með afrakstrinum sem útgerð og fiskvinnsla skiluðu í ríkara mæli. Íslendingar gátu staðið á eigin fótum því sjávarafliinn gerði þjóðinni kleift að eiga viðskipti við önnur lönd.

Þegar lýðveldi var stofnað á Þingvöllum við Öxará var grundvöllur þess samt ærið veikur. Erlendir togarar sópuðu til sín auðæfum hafsins. Án útfærslu landhelginnar hefði hið unga lýðveldi skort efnahagslegar undirstöður.

Landhelgisstríðin voru í raun lokakaflinn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Með sigri á hinum breska flota og stuðningssveitum þeirra í öðrum löndum tókst Íslandi að styrkja stöðu sína í veröldinni og stuðla að framförum á flestum sviðum.

Kynslóðirnar sem kynntust landhelgisbaráttunni af eigin raun þurftu ekki útskýringar á mikilvægi sjávarútvegs fyrir heill þjóðarinnar; þær vissu vel að sjómennska og fiskvinnsla voru burðarásar í atvinnulífi Íslendinga. Án öflugrar sjómannastéttar og kraftmikilla fyrirtækja í útgerð og vinnslu yrði teflt á tæpt vað með líf skjör fólksins, framfarir í landinu.

Á nýliðnum áratugum hefur atvinnulífið blessunarlega orðið fjölbættara. Kreppan sem kom í kjölfar hrunsins hefur þó á undanförunum misserum sýnt í hnotskurn að sjómenn og starfsfólk í frystihúsum, saltfiskverkun og annarri vinnslu á auðæfum hafsins eru enn uppistaða í efnahagslegu viðnámi þjóðarinnar, sú sveit sem ásamt öðrum gerir okkur kleift að fagna endurreisn fyrr en flestir töldu gerlegt.

Saga fyrri tíma, liðinna alda, lýðveldisskeiðsins, og líka síðustu missera, sýnir okkur ótvírætt að sjómennska, útgerð og fiskvinnsla eru og verða grundvallargreinar í framför Íslendinga, máttarstólpar sem bera margt annað til farsældar.

Um þessar mundir er skipan fiskveiðistjórnar mjög á dagskrá, um hana deilt eins og löngum áður. Vafasamt er að forsetinn eigi að hætta sér inn á þann vettvang – nóg er nú samt kunna sumir að segja!

Þó er það þannig að gamall Vestfirðingur sem kemur á sjómannadaginn á Patreksfirði hlýtur að beina huganum að þeim leiðarvísi sem Vestfirðir færa öllum sem kallaðir eru til ákvarðana um skipan veiða og vinnslu.

Við Vestfirði eru fengsæl mið sem gjöful hafa reynst um aldir, gáfu ætíð vel af sér og því var hér sjaldan hungur og harðræði ólíkt öðrum landshlutum. Í hverjum firði kunna íbúarnir vel til verka, sjósókn og meðferð aflans samofin hefðum og færni fólksins. Skilyrði náttúrunnar og eiginleikar mannlífsins eru vestra á þann veg að blómlegur og arðbær sjávarútvegur á að geta þrífist hér betur en víðast annars staðar.

Stjórnkerfi veiða er vel sniðið þegar það skapar arð og umsvif í byggðum sem liggja vel að miðum og búa ríkulega að kunnáttu í þessum greinum.

Vestfirðir eru prýðilegur prófsteinn á kosti og galla sérhvers kerfis fiskveiðistjórnunar. Sú skipan ein mun reynast farsæl til lengdar sem stuðlar að öflugum sjávarútvegi hér fyrir vestan, vexti og viðgangi byggðanna, styrkir búsetu og mannlíf í bæjarfélögum sem liggja vel við miðum og eru rík að verkunnáttu og fagmennsku í sjávarútvegi, sjómennsku og fiskverkun.

Því er málið í rauninni einfalt; umræðan þarf hvorki að vera löng né flókin. Hvernig mun Vestfjörðum og öðrum sjávarbyggðum vegna í nýrri skipan? Bendi svarið til verri stöðu hefur smíði kerfisins líklega brugðist.

Slíkur er í raun kjarni málsins og vert að áréttta hann á sjómannadaginn.

Ennfremur er áriðandi að um greinina náist varanleg sátt. Sú skipan sem fest verður í sessi þarf að efla samstarfsvilja allra sem helga sjávarútvegi og fiskvinnslu krafta sína.

Þjóðin hefur ekki efni á langvarandi átökum um stjórnun fiskveiða frekar en hún gat búið við landhelgisstríðin á sínum tíma. Þá náðist farsæl niðurstaða, reyndar alþjóðlegt samkomulag sem bundið var í sérstökum sáttmála um hafið. Nú þurfum við að sýna manndóm og vilja til að ná víðtækri sátt um skipan sjávarútvegs í landi okkar.

Það eru ekki aðeins íslenskir sjómenn og fólkið í fiskvinnslunni sem eiga slíkt inni hjá þeim sem kjörnir eru til ábyrgðar heldur þarf þjóðin líka í upphafi endurreisnar á því að halda að sjávarútvegur í öllum byggðum fái að blómstra, sýna getu sína almenningi til farsældar.

Sjómennskan er samofin sögu Vestfjarða og landsins alls; var á sínum tíma burðarstrengur í baráttunni fyrir sjálfstæði. Þess munum við

innan skamms minnst í nálægum firði þegar við sækjum Hrafnseyri heim og efnum til hátíðar í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

Í baráttu sinni fyrir sjálfstæði og auknum rétti þjóðarinnar var Jón mótaður af minningum um æskuárin, lífsbaráttu bænda og sjómanna fyrir vestan. Presturinn faðir hans ýtti úr vör með sínum mönnum, oft á Hamri yst í Arnarfirði, og fjölskyldan á Hrafnseyri beið milli vonar og ótta í óvissu um hvort þeir næðu heilir heim. Ungur gekk Jón til verka með þessum hetjum, stundaði sjóróðra, fór í verið, gerði að afla við fjöruborðið, þekkti sorgir og erfiði fólksins sem misst hafði syni og bræður í hafið.

Lífsbarátta sjómanna var heimanmundur Jóns Sigurðssonar, fólkið hér á fjörðunum ofarlega í hug hans þegar hann sótti síðar á ævinni rök í skjalageymslur Kaupmannahafnar og nýtti atburði í Evrópu til að skjóta sterkum stöðum undir málstað Íslendinga.

Hvorki Jóni Sigurðssyni né öðrum leiðtogum sjálfstæðisbaráttunnar hefði tekist að ná hinum glæsta árangri án baklandsins sem þeir áttu í sjávarbyggðum og meðal bænda.

Það er því við hæfi að sjómannadagurinn og 17. júní séu nánast samferða í sumarbyrjun, báðir boðberar nýrra tíma og bjartsýni, kalli okkur saman til að fagna og gleðjast.

Hátíðarhöldin hér á Patreksfirði eru svo sannarlega í þeim anda og það er sérstök ánægja að vera með ykkur hér í dag. Ég þakka fyrir hið góða boð og óska ykkur allra heilla.